

**A 1895/tillväxt****Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin**Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um  
þingmannatillögu  
um sjálfbæra vöruflutninga****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að þær samræmi og samstilli innlenda áætlanagerð um innviði samfélagsins til að stuðla því að Norðurlönd verði samþættasta og sjálfbærasta svæði heims og búi í haginn fyrir fjármögnun samkvæmt áætlun ESB um stuðning við fjárfestingar í innviðum í Evrópu (Sjóðnum um samtengda Evrópu (CEF)). að þær móti sameiginlega áætlun um sjálfbæra vöruflutninga um járnbrautir á norðlægum svæðum meginlands Norðurlanda og beiti sér fyrir því að hún verði hluti af reglugerð um Sjóðinn um samtengda Evrópu (CEF).

**Bakgrunnsupplýsingar***Tillagan*

Norræn vinstri græn leggja til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna að þær beiti sér fyrir því að í tillögu Evrópusambandsins að reglugerð um Sjóðinn um samtengda Evrópu (CEF) 2021–2027 verði einnig gefinn kostur á lagningu fleiri járnbrauta á Barentssvæðinu í þeim tilgangi að efla sjálfbæra vöruflutninga á svæðinu.

Í tillögunni er bent á að stór hluti hráefnis sem flutt er út frá Norðurlöndum komi frá norðlægum slóðum meginlands Norðurlanda þar sem innviðum er ábótavant. Staðhæft er að flutningur á vörum og fólki í járnbrautarlestum sé skilvirkari, öruggari, umhverfsvænni og loftslagsvænni en flutningar á vegum. Nefndar eru þrjár leiðir sem teljast sérstaklega mikilvægar, þ.e. Sundsvall–Östersund–Þrándheimur; Malmabanan/Ofotbanen milli Luleå og Narvíkur auk nýrrar járnbrautar milli Svappavaara og Kaunisvaara.



### *ESB-CEF og TEN-T*

Evrópska samgöngunetið (TEN-T) er pólitískt starf á vegum ESB sem lýtur að því að koma á og þróa samfellt evrópskt net vega, járnbrauta, siglingaleiða, hafna, flugvallar og járnbrautarstöðva.

Connecting Europe Facility (CEF) er verkefni sem ætlað er að styðja við fjárfestingar í innviðum í Evrópu og hefur það að markmiði að þróa og nútímavæða þverevrópsk net á sviði flutninga, orkumála og stafrænnar þjónustu. Það tengist þróun evrópska samgöngunetsins (TEN-T). Á fjárlagatímabili ESB fyrir 2021–2027 er CEF með fjárveitingu til samgönguinnviða upp á 25,8 milljarða evra.

### *Norðurlandaráð og samgöngustefna*

Samgöngumál hafa löngum verið forgangsmál innan Norðurlandaráðs. Sem dæmi má nefna að árið 2018 voru samþykkt tilmæli um [stefnu í samgöngumálum á Norðurlöndum](#) sem inniheldur alls 15 tillöguliði þar sem m.a. er kallað eftir sameiginlegri greiningu og áætlunum um stækkun hafna og lestarkerfa fyrir vöruflutninga í norðri (Noregi, Svíþjóð og Finnlandi).

Í fyrri tilmælum sínum hefur Norðurlandaráð mælt til þess að Norðurlönd komi sér saman um norræna stefnu og markmið varðandi uppbyggingu flutningaleiða á milli norrænu landanna og frá Norðurlöndum til meginlandsins. Að áliti ráðsins ber að líta á samgöngunetið sem heild og því er þörf á að efla samstarfið á þessu sviði, m.a. með því að efna á ný til samstarfs á sviði samgöngumála á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Viðræður hafa átt sér stað við Norrænu ráðherranefndina um síðastnefnda atriðið en hingað til hafa þær ekki borið árangur.

Í nóvember 2020 beindi Pyry Niemi þeirri spurningu til ríkisstjórna norrænu landanna hvort þær hefðu haft samráð og samræmt afstöðu sína í tengslum við endurskoðun á TEN-T árin 2021–2030. [Svör ríkisstjórnanna](#) gefa til kynna að samráð og samstarf hafi verið mjög af skornum skammti en að þær sjái hag í því að efla samstarfið til framtíðar.

### *Fyrsta umræða í nefndinni*

Tillaga norrænna vinstri grænna var rædd á fundi nefndarinnar 2. nóvember 2021. Breið samstaða var í nefndinni um þörfina á að bæta lestarsamgöngur í norðlægasta hluta meginlands Norðurlanda og auka vöruflutninga með lestum á milli norrænu landanna og til nærliggjandi hafna. Nokkrir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar að það þjónaði ekki tilgangi að tilgreina ákveðnar leiðir án þess að fyrir lægi greining. Bent var á að þróun innviða á Norðurlöndum byggist á innlendum samgönguáætlunum og að samráð norrænu ríkisstjórnanna um þær leiðir sem liggja um landamæri Norðurlanda væri aðkallandi. Einnig að rafvæðing járnbrautakerfisins væri mikilvæg loftslagsaðgerð.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin minnir á að ekki er hægt að horfa á járnbrautarsamgöngur í norðlægustu hlutum Noregs, Svíþjóðar og Finnlands einar og



sér. Þær gegna mikilvægu hlutverki í sambandi við afhendingu hrávara til annarra hluta Evrópu og hafa því evrópska þýðingu.

Að mati nefndarinnar eiga ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum að líta á samgöngukerfi norrænu landanna út frá norrænu og víðara evrópsku sjónarhorni og þess vegna sem mikilvægan hluta evrópsks samstarfs um TEN-T.

Nefndin tekur fram að helsta markmiðið með stefnu ESB um samgönguinnviði (evrópska samgöngunetið TEN-T) er að búa í haginn fyrir þróun skilvirks og samfellds evrópsks samgöngunets og draga úr svæðisbundinni, efnahagslegri og félagslegri aðgreiningu með því að þróa samtengda innviði fyrir samgöngur í lofti, á vegum, járnbrautum og með skipum. Áætlunin er styrkt af Sjóðnum um samtengda Evrópu (CEF) sem er mikilvæg fjármögnunarleið.

Nefndin minnir á að gott samstarf og samræmd áætlanagerð um innviði samfélagsins er forsenda þess að nýta megi CEF til að styðja við fjárfestingar í innviðum á norðurheimskautssvæðum meginlands Norðurlanda.

Þótt samstarf á norðurheimskautssvæðum Norðurlanda sé sérstaklega mikilvægt telur nefndin að norrænt samstarf um uppbyggingu innviða eigi að ná til Norðurlanda í heild sinni og vera hluti af því markmiði að þróa Norðurlönd í átt til þess að verða samþættasta og sjálfbærasta svæði heims. Þörf er á víðtækri samræmingu á markmiðum og áætlunum norrænu landanna um innviði á Norðurlöndum og tengingar til annarra hluta Evrópu (meginleið til Miðjarðarhafs) Vel ígrunduð samræming myndi bæði einfalda framkvæmd verkefna þvert á landamæri og gera það auðveldara að sækjast eftir viðbótarfjármögnun frá Evrópu.

Nefndin styður markmið þingmannatillögu norrænna vinstri grænna. Í ljósi ofangreinds mælir nefndin þó með breiðari áherslu á samstarf um stefnu í samgöngumálum og samræmda áætlanagerð um innviði samfélagsins, m.a. til að gera viðbótarfjármögnun frá CEF mögulega.

Norðurlöndum, 25. janúar 2022

*Anders Eriksson (ÅF)*

*Anna Vikström (S)*

*Ann-Christine Utterstedt (SD)*

*Arman Teimouri (L)*

*Freddy André Øvstegård (SV)*

*Gisle Meininger Saudland (FrP)*

*Jaspur Langgaard (sb)*

*Joakim Strand (sv)*

*Johan Kvarnström (sd)*

*Karianne B. Bråthen (A)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Liv Kari Eskeland (H)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Orri Páll Jóhannsson (NGV)*

*Pål Jonson (M)*

*Stein Erik Lauvås (A)*

*Vilhelm Junnila (saf)*

*Åsa Karlsson (S)*